



# Samþykkt fyrir hverfisráðin í Hrísey og Grímsey

## Um verkefni hverfisráða

### 1. gr.

Meginverkefni hverfisráða er að vera ráðgefandi um málefni Hríseyjar og Grímseyjar gagnvart bæjarstjórn Akureyrarbæjar, fastanefndum hennar og embættismönnum auk almennra verkefna hverfisnefnda bæjarfélagsins.

### 23. gr.

Hverfisráð gera ef þurfa þykir tillögur til bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, fastanefnda hennar eða embættismanna um málefni Hríseyjar og Grímseyjar og þeirra bæjarstofnana sem þar starfa.

### 34. gr.

Hverfisráð starfa í samræmi við

- reglur og samþykktir bæjarstjórnar sem tengjast sérstaklega verkefnum ráðanna og
- almennar samþykktir bæjarstjórnar svo sem starfsmannastefnu mannaúðsstefnu bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, fjölskyldustefnu—velferðarstefnu Akureyrarbæjar, og jafnréttisstefnu—mannréttindastefnu Akureyrarbæjar og Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri.

## Um skipan hverfisráða

### 45. gr.

Á árlegum almennum borgarafundum í Hrísey og Grímsey, sem jafnframt eru aðalfundir ráðanna, skal kjósa þrjá fulltrúa í hverfisráð og þrjá til vara í hvorri ey. Kjörgengir í hverfisráð eru einungis þeir sem eru með lögheimili í viðkomandi ey. Hverfisráð eru kosin til eins árs í senn. Nefndarmenn þiggja laun úr bæjarsjóði samkvæmt reglum bæjarstjórnar um greiðslur fyrir störf í öðrum nefndum en fastanefndum bæjarstjórnar.

### 56. gr.

Aldursforseti kallar hverfisráð saman til fyrsta fundar og stýrir honum þangað til formaður hefur verið kjörinn. Nefndarmenn skipta með sér verkum. Formaður hverfisráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skyldt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

### **67. gr.**

Hverfisráð halda að jafnaði 6 fundi á ári. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

### **Um fundarsköp hverfisráða**

### **78. gr.**

Um fundarsköp á fundum hverfisráða gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Ssamþykktar um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnarAkureyrarbæjar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanni í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hverfisráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, ef meirihluti viðstaddir nefndarmanna samþykkir það. Þó er skyldt að fresta afgreiðlu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir í hverfisráðum eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Forfallist aðalmaður í hverfisráði boðar hann varamann í sinn stað.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ráðið ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### **89. gr.**

Hverfisráð hafa fundaraðstöðu í húsnæði Akureyrarbæjar í viðkomandi ey. Um ritun fundargerða hverfisráða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 31. gr. Samþykktar um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmannna og varamanna sem sækja fundinn,
- c) nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d) heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e) greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f) bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
- g) í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi törlröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar í húsnæði Akureyrarbæjar í viðkomandi ey. Fundarritari skal senda fundargerðir með rafrænum hætti til skrifstofu Ráðhússinsupplýsinga-og bjónustudeildar sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar. Fundargerðirnar eru teknar fyrir á fundum bæjarráðs sem víesar erindum sem fram koma í fundargerðum ráðanna áfram til viðkomandi sviða/ráða deilda/nefnda í bæjarkerfinu eftir því sem tilefni er til. Erindunum ber að svara með bréfi eða tölvupósti.

### **Um hæfi og skyldur nefndarmanna í hverfisráðum og starfsmanna ráðanna**

#### **910. gr.**

Um hæfi nefndarmanna hverfisráða gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Akureyrar og fundarskóp bæjarstjórnar Akureyrarbæjar.

Um hæfi starfsmanna hverfisráða gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### **101. gr.**

Nefndarmönnum í hverfisráðum er skylt að sækja alla nefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

### **Gildi samþykktarinnar**

#### **112. gr.**

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 9. apríl 2013.

Samþykkt í bæjarráði xx. xxxx 2021

Samþykkt í bæjarstjórn xx. xxxx 2021